

Tillaga að breytingu á samþykktum Hafnarfjarðarkaupstaðar:

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 240/2021.

1. gr.

2. tl. A. liðar 39. gr. verður svohljóðandi:

Fjölskylduráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjölskylduráð hefur yfirumsjón með félagslegri þjónustu, fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu samanber 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og annast jafnframt þau störf sem jafnréttisnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

2. tl. B. liðar 39. gr. fellur út.

Við 39. gr. bætist nýr stafliður E svohljóðandi:

„Umdæmisráð barnaverndar. Bæjarstjórn skipar þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum, samkvæmt samningi um umdæmisráð barnaverndar. Ráðið skal skipa einn félagsráðgjafa, einn sálfræðing og einn lögfræðing, sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnvernd. Ráðsmaður þarf ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs en ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi.“

2. gr.

a) liður 58. gr. skal kveða á um „Öldungarráð“ og út fellur „Barnaverndarnefnd“.

3. gr.

15. gr. II. meginreglur fundarritunar verður svohljóðandi:

Ritun fundargerðar. Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Fundargerðir eru skráðar með rafrænum hætti. Í fundargerð skal getið númers fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst, hverjir greiddu atkvæði með tillögu, hverjir á móti og hverjir sátu hjá. Þegar lagðar eru fram fundargerðir ráða og nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða ráð og nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Fundargerð skal skráð í tölvu. Færa skal í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

Fundargerð skal birt og vera aðgengileg á heimasíðu Hafnarfjarðarkaupstaðar ásamt fylgigögnum

Í samræmi við reglur Hafnarfjarðarkaupstaðar um birtingu gagna eins og þær eru á hverjum tíma. Um ritun fundargerða bæjarstjórnar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. [221181/20132021](#), eða síðari leiðbeiningum sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

4. gr.

12. gr. opnir fundir bæjarstjórnar verður svohljóðandi:

Fundir bæjarstjórnar eru opnir og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum laga um mannvirki og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

Bæjarfulltrúum og nefndarmönnum í bæjarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundum með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

4. gr.

Í samræmi við heimild í 41. gr. samþykktarinnar er lagður til nýr viðauki III. (3.0) við samþykktina um fullnaðarafgreiðsluheimild barnaverndarþjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Viðaukinn er birtur með samþykkt þessari.

5. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu xx. febrúar 2023